

From: iris.biarmundsdottir@uar.is [mailto:iris.biarmundsdottir@uar.is]

Sent: 21. október 2014 16:07

To: Heimir Skarphéðinsson

Cc: steinunn.fiola.sigurdardottir@uar.is

Subject: tillaga að breytingu á skipulagslögum og breyting á MÁU frumvarpi

Sæll Heimir

Samkvæmt beiðni Steinunnar Fjólu eru hér meðfylgjandi drög að frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum. Drögin hafa ekki verið yfirlésin af skjaladeild Alþingis.

Einnig hafa ráðuneytinu borist tvær ábendingar um breytingar sem gera þarf í tengslum við MÁU frumvarpið.

1. Breytingu sem gera þarf á MÁU frumvarpinu sjálfu og tengist lögum nr. 49/2014 um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi sem samþykkt var sl. vor og Skipulagsstofnun bendir á í umsögn sinni til nefndarinnar.
2. Breytingu á lögum um mannvirki og er sú ábending komin frá Mannvirkjastofnun.

1.

Varðandi breytingu á MÁU frumvarpinu sjálfu þá var gerð sú breyting á MÁU lögunum sl. vor með lögum nr. 49/2014 að nýrri málsgrein var bætt inn í 6. gr. laganna. Inn kom ný 3. mgr. 6. gr. laganna og eldri 3. mgr. 6. gr. laganna færðist aftar og varð að 4. mgr. 6. gr. laganna. Í b-lið 4. gr. MÁU frumvarpsins er lagt til breyting á 6. gr. laganna. Lagt er til að í stað 2. og 3. mgr. 6. gr. laganna komi sex nýjar málsgreinar sem verða 2. - 7. mgr. laganna. Þessu þarf að breyta þar sem ekki stendur til að breyta núgildandi ákvæði 3. mgr. 6. gr. laganna (fiskeldisákvæðinu).

Líklega kemur best út framsetningarlega að fiskeldisákvæðið verði að 7. mgr. 4. gr. frumvarpsins og 7. mgr. 4. gr. frumvarpsins verði að 8. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 4. gr. frumvarpsins ætti þá að líta svona út::

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2. viðauka“ í 1. mgr. kemur: flokki B og flokki C í 1. viðauka.

b. Í stað 2., 3. og 4. mgr. koma sjö nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Framkvæmdaraðili skal tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða framkvæmd í flokki B í 1. viðauka við lög þessi. Sama á við um fyrirhugaða framkvæmd í flokki C í 1. viðauka við lög þessi sé hún háð öðrum leyfum en samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki eða háð leyfi Mannvirkjastofnunar. Fyrirhugaða framkvæmd í flokki C í 1. viðauka við lög þessi sem háð er framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki ber framkvæmdaraðila að tilkynna leyfisveitanda, sbr. þó 2. málsl. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um hvaða gögn skuli lögð fram með tilkynningu um framkvæmd og þá málsmeðferð sem viðhöfð skal við ákvörðun um matsskyldu framkvæmda.

Vegna framkvæmdar í flokki B í 1. viðauka laga þessara skal Skipulagsstofnun innan fjögurra vikna frá því að fullnægjandi gögn um framkvæmdina berast taka ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum. Við ákvörðun um matsskyldu skal Skipulagsstofnun fara eftir viðmiðum í 2. viðauka laga þessara. Áður skal stofnunin leita álits leyfisveitanda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni. Skipulagsstofnun skal gera hlutaðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni og kynna hana almenningi.

Vegna framkvæmdar í flokki C í 1. viðauka laga þessara, sem háð er framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki en þó ekki leyfi Mannvirkjastofnunar, skal sveitarstjórn innan tveggja vikna frá því að fullnægjandi gögn um framkvæmdina berast taka ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum. Við ákvörðun um matsskyldu skal sveitarstjórn fara eftir viðmiðum í 2. viðauka laga þessara og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar skv. 20. gr. Sveitarstjórn er heimilt að leita álits annarra aðila, svo sem annarra leyfisveitanda, eftir eðli máls hverju sinni. Leiti sveitarstjórn álits lengist frestur sveitarstjórnar til að taka ákvörðun um matsskyldu um eina viku. Skal sveitarstjórn gera hlutaðeigandi og Skipulagsstofnun grein fyrir niðurstöðu sinni og kynna hana almenningi.

Vegna framkvæmdar í flokki C í 1. viðauka laga þessara, sem tilkynna ber til Skipulagsstofnunar, skal stofnunin innan tveggja vikna frá því að fullnægjandi gögn um framkvæmdina berast taka ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum. Við ákvörðun um matsskyldu skal Skipulagsstofnun fara eftir viðmiðum í 2. viðauka laga þessara. Skipulagsstofnun er heimilt að leita álits leyfisveitanda og annarra aðila eftir eðli máls hverju sinni og lengist þá frestur stofnunarinnar til að taka ákvörðun um matsskyldu um eina viku. Skal Skipulagsstofnun gera hlutaðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni og kynna hana almenningi.

Telji framkvæmdaraðili með hliðsjón af viðmiðum þeim sem fram koma í 2. viðauka laga þessara að framkvæmd í flokki B eða flokki C skuli undirgangast mat á umhverfisáhrifum skal hann tilkynna Skipulagsstofnun um það. Fallist Skipulagsstofnun á þá afstöðu hans er heimilt að sleppa málsmeðferð skv. 2.–5. mgr. 6. gr. Afstaða framkvæmdaraðila skal rökstudd í tilkynningu til Skipulagsstofnunar.

[Skipulagsstofnun er ekki skylt að taka til efnislegrar meðferðar tilkynningu framkvæmdaraðila til ákvörðunar um matsskyldu ef hin tilkynnta framkvæmd er fyrirhuguð á sama framkvæmdastað og önnur framkvæmd sem þegar er til efnislegrar málsmeðferðar á grundvelli laga þessara og þar sem fullnægjandi gögn liggja fyrir að mati Skipulagsstofnunar. Sama gildir þegar fyrir liggur ákvörðun samkvæmt þessari grein eða álit skv. 11. gr. um framkvæmd á sama framkvæmdastað. Ef hin tilkynnta framkvæmd er þaueldi á fiski í sjó á sama við ef hún er innan tiltekinnar fjarlægðar frá útmörkum eldissvæðis framkvæmdar, sbr. reglugerð um fiskeldi. Ákvæði þetta á ekki við ef ekki hefur verið gefið út leyfi fyrir þeirri framkvæmd sem var til efnislegrar meðferðar hjá Skipulagsstofnun innan þriggja ára frá því að framkvæmd var tilkynnt samkvæmt þessari grein eða tillaga að matsáætlun var lögð fram til afgreiðslu Skipulagsstofnunar skv. 8. gr.]¹⁾

Öllum skal heimilt að bera fram fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um hvort tiltekin framkvæmd falli í flokk B eða flokk C í 1. viðauka við lög þessi og skal þá stofnunin leita upplýsinga um framkvæmdina hjá framkvæmdaraðila og leyfisveitanda og taka ákvörðun um hvort hún eigi undir grein þessa.

2.

Varðandi breytingu á lögum um mannvirki þá barst ráðuneytinu ábending frá Mannvirkjastofnun er varðar breytingu á 4. mgr. 27. gr. laga um mannvirki sem fjallar um heimildir byggingastjóra. Í 4. mgr. 27. gr. laganna er vísað til 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Breyta þarf tilvísuninni með þeim hætti að í stað 1. viðauka við lög nr. 106/2000 þá standi **flokks A í 1. viðauka við lög nr. 106/2000**

Mannvirkjalögin ættu þá að líta svona út eftir breytingu:

4. mgr. 27. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010

Heimildir byggingarstjóra takmarkast af gerð mannvirkis og umfangi framkvæmda svo sem hér segir:

1. Nýbygging einfalds atvinnuhúsnæðis, íbúðarhúsa, frístundahúsa og minni háttar mannvirkja auk breytinga, endurbyggingar eða niðurrifs á slíkum mannvirkjum.

2. Vatnsaflsvirkjanir, jarðvarmavirkjanir og önnur orkuver, olíuhreinsunarstöðvar og vatnsstíflur sem falla undir **flokk A í 1. viðauka við lög nr. 106/2000**, um mat á umhverfisáhrifum.

3. Önnur mannvirki en falla undir 1. og 2. tölul.

Samkvæmt upplýsingum frá Mannvirkjastofnun eru örfáir aðilar með réttindi skv. 2. tölul. 4. mgr. 27. gr. laga um mannvirki og strangar hæfniskröfur. Með breytingunni sem nú er lögð til í frumvarpi um mat á umhverfisáhrifum fara allskyns smáframkvæmdir (sem upp eru taldar í 1. lið) undir þennan lið en engin rök eru fyrir snarauknum hæfniskröfum. Það þarf því að setja framangreinda breytingu á mannvirkjalögunum inn í MÁU frumvarpið.

Ef eitthvað er óljóst varðandi þetta eða þú hefur einhverjar spurningar þá ekki hika við að hafa samband.

kv.
Íris

Íris Bjargmundsdóttir, lögfræðingur / Head of Division
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, skrifstofa umhverfis og skipulags